

Hinn 31. maí ár hvert skal happdrættið greiða í byggingarsjóð aldraðs fólks sem svarar helmingi nettóhagnaðar happdrættisins árið á undan, en endanlegt uppgjör fari fram ekki síðar en 30. nóvember ár hvert.

Reikningsskilum fyrir happdrættið 1963—1964 skal lokið ekki síðar en 30. apríl 1965, en 40% af nettótekjum þess árs renna til byggingarsjóðs aldraðs fólks.

**2. gr.**

1. málsgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Vinningar eru samanlagt minnst 24 að tölu í öllum 12 flokkum og eru samanlagt að verðmæti kr. 18 720 000.00 miðað við smásöluverð.

**3. gr.**

1. málsgr. 7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Verð ársmiða er kr. 720.00, en endurnýjunarmiða í hverjum flokki kr. 60.00.

**4. gr.**

Reglugerðarbreyting þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sbr. lög nr. 17 21. febrúar 1956 og lög nr. 52 20. apríl 1963, um breyting á þeim lögum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um sama efni, nr. 53 16. marz 1963.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 15. apríl 1964.*

**Emil Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Málfríðar Jónasdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. apríl 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Málfríðar Jónasdóttur.

**1. gr.**

Nafn sjóðsins er Minningarsjóður Málfríðar Jónasdóttur.

**2. gr.**

Stofnfé sjóðsins er:

- a. Safn bóka á blindraletri, er Málfríður Jónasdóttir átti, en foreldrar hennar gáfu Blindarafélaginu eftir andlát hennar.
- b. Eitt þúsund og fimm hundruð krónur — 1500.00 — í peningum, er Blindarafélagið leggur fram.
- c. Aðrar gjafir, er sjóðnum kunna að hafa borizt þ. 20. marz 1943.

## 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að varðveita og auka bókasafn það, er um getur í 2. gr., og geyma það þannig, að allir blindir menn á Íslandi eigi sem greiðastan aðgang að því. Aukning bókasafnsins má gerast jöfnum höndum með prentuðum bókum á blindraleti og hljóðrituðum.

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu tveir þeirra tilnefndir af Blindrafélaginu (kosnir árlega á aðalfundi), en leggist það félag niður, skulu landsbókavörður og kennslumálaráðherra tilnefna sinn manninn hvor. Þriðja manninn í stjórnina skipa foreldrar og systkini Málfríðar Jónasdóttur, á meðan þeirra nýtur við, en síðan skal sýslunefnd Suður-Múlasýslu tilnefna mann í stjórnina. — Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins sér um varðveislu eigna hans og ávöxtun höfuðstóls á þann hátt, er hún telur bezt í samræmi við tilgang sjóðsins.

Stofnfé sjóðsins, er um getur í 2. gr., má þó aldrei skerða, og enn fremur skal leggja eigi minna en  $\frac{1}{3}$  af árlegum vaxtatekjum sjóðsins við höfuðstólinn. Öðrum tekjum, svo sem gjöfum, tillögum stofnana og  $\frac{2}{3}$  af vaxtatekjum er stjórn sjóðsins heimilt að verja til bókasafnsins. En séu þær tekjur ekki notaðar til fulls til þeirra þarfa, skal afgangurinn leggjast við höfuðstólinn um hver áramót.

## 6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu birtir opinberlega.

## 7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

## 8. gr.

Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

## REGLUGERÐ

## um skiptingu framlags ríkissjóðs til sýsluvega.

## 1. gr.

Framlag ríkissjóðs til sýsluvega skiptist milli sýslna í hlutfalli við lengd, ástand og notkun sýsluvega, og ákveðst hundraðshluti hversrar sýslu af heildarframlagi ríkissjóðs til sýsluvega samkvæmt eftirgreindri reglu:

$$A = 5 \left( 4 \frac{100 \quad 50 + 4r + 2l \quad m}{50 + 4R + 2L \quad M} + \dots \right) \%$$

Merking bókstafa í reglunni er sem hér segir:

A = hundraðs hluti sýslu.

ó = óakfærir sýsluvegir í sýslu, í km.

r = ruddir sýsluvegir í sýslu, í km.

l = lagðir sýsluvegir í sýslu, í km.

Ó = óakfærir sýsluvegir alls á landinu, í km.

R = ruddir sýsluvegir alls á landinu, í km.